

Bolungarvíkurkaupstaður
Aðalstræti 12
415 Bolungarvík

Akureyri, 20.10.2023
UST202301-245/G.S.Á.
08.14.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 31. 08.2023 – Bolungarvíkurkaupsstaður

Þann 31. ágúst sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Bolungarvíkurkaupsstaðs, að Hóli. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var þann 24. júlí sl., vegna tveggja frávika sem fram komu í eftirliti árið 2022. Framkvæmd við hreinsun svæðisins var ekki lokið, eins og til stóð, og urðunarrein hafði ekki verið byrgð með fullnægjandi hætti er eftirlitið fór fram og standa frávikin því enn opin.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varða:

1. Ábending er sett fram um að hreinsa þarf reglulega allt það rusl sem safnast fyrir í girðingunum.
2. Ábending er einnig sett fram um að skv. gr. 2.3 í starfsleyfi skal aðgangur að athafnasvæðinu vera takmarkaður. Bæta þarf upplýsingar um opnunartíma og fyrirkomulag staðarins svo það sé sýnilegt þeim sem koma að staðnum.

Fimm frávik komu fram er varða:

1. **Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Ekki er heimild til að taka á móti viðarúrgangi nema til jarðgerðar og magn viðarúrgangs er langt umfram það sem unnið er til jarðgerðar á svæðinu ásamt því að einnig er um litað timbur að ræða sem óheimilt er að móttaka.
2. **Gr. 2.3 í starfsleyfi.** Búið er að girða svæðið af að hluta en verkinu er enn ólokið og er sett frávik þar um.
3. **Gr. 2.8 í starfsleyfi.** Engin gjaldtaka er á staðnum og er urðun öllum heimil án kostnaðar. Rekstraraðili skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs sbr. 23. gr. laga nr. 55/2003
4. **Gr. 3.10 í starfsleyfi.** Daglegur frágangur var ekki í samræmi við starfsleyfi þar sem þekjulagið náði ekki viðmiði auk þess sem hætta var af foki frá þekju efni sem var að mestu viðarúrgangur.

- 5. Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga og upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti fyrir 1. maí ár hvert. Niðurstöðum skráninga og upplýsingar um úrgang hefur ekki verið skilað.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 13. nóvember 2023.

Virðingarfyllt

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur